



## Fundur háskólaráðs 30. apríl 2001

### Fundargerð

Málsnúmer: HI01010071

Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir, dagskrár og framlögð gögn

Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir

Staða: Fært í skjalasafn

### Dagsetningar:

Búið til: 27.04.2001 11:19:23

Dags: 30.04.2001

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169 2039)

101 REYKJAVÍK

Sími: 525 4302/4303/4041

Fax: 525 4038

7/2001

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2001, mánudaginn 30. apríl var haldinn fundur í háskólaráði, sem hófst kl. 10:30.

### 1. Mál á dagskrá

#### 1.1 Kynning á nýgerðum kjarasamningi og stofnanasamningi.

Rektor hóf fundinn með því að lýsa mikilli ánægju með að samningar hafi náðst og verkfalli þar með afstýrt. Inn á fundinn komu þeir Gísli Már Gíslason, formaður samráðsnefndar háskólaráðs um kjaramál, Gunnlaugur H. Jónsson, framkvæmdastjóri fjárreiðusviðs og Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar háskólaráðs, og gerðu ítarlega grein fyrir nýgerðum kjarasamningi og stofnanasamningi. Fyrirliggjandi stofnanasamningur var samþykktur einróma.

#### 1.2 Lögð fram tillaga að samþykkt háskólaráðs í tilefni af nýgerðum kjarasamningi Félags háskólakennara. Forsenda kjarasamings er að háskólaráð geri eftirfarandi breytingar á fyrri samþykktum sínum til þess að ná þeim markmiðum að hækka dagvinnulaun félagsmanna FH.

1. Stjórnunarhluti vinnuskyldu lektora og dósentar verður 6% (var 12%), kennsluskylda og rannsóknaskylda vaxa að sama skapi. (Kennslu – og stjórnunarskylda verði að hámarki 57% og rannsóknarskylda minnst 43%)

2. Fyrri heimild háskólaráðs til lækkunar kennsluskyldu við nýráðningu kennara fellur niður. Við nýráðningu lektors er honum í upphafi raðað sex launarimum umfram röðun samkvæmt stigamati. Eftir það grundvallast röðun á stigamati.

3. Í samræmi við forsendu 7 fyrir breytingum á launalið samningsins verði ekki heimilaður framgangur á milli rima nema í samræmi við ákvæði í kjara- og stofnanasamningi og lið 2 hér að ofan.

4. Horfið verði frá því að veita kennurum í Félagi háskólakennara afslátt frá kennslu við 55 og 60 ára aldur. Í tilefni af ákvæði í stofnanasamningi við FH, 3.4.4 um yfirvinnupak á kennslu er ítrekuð fyrri ákvörðun ráðsins um að starfsmanni sé heimilt í samráði við yfirmann að kenna tímabundið umfram yfirvinnupak og flytja yfirvinnu sem samsvarar allt að eins misseris heimilaðri yfirvinnu á milli missera.

5. Heildaryfirvinna starfsmanna Háskólans\* sem þiggja laun samkvæmt ofangreindum kjarasamningi skal ekki vera meiri en sem samsvarar 1,5 sinnum yfirvinnupaki fyrir kennslu í launaflokki viðkomandi.

\* Háskóli merki Háskóli Íslands og stofnanir sem heyra undir háskólaráð.

Gert í samráði Samráðsnefndar háskólaráðs um kjaramál og Félags háskólakennara.

Undirritað 30. apríl 2001 af

Gísla M Gslasyni

Rbert H. N. Haraldssyni

Gunnlaugi H. Jnssyni

rlfi Matthassyni

Tillaga samrdsnefndar hsklards um kjaraml og flags hsklakennara a samþykkt hsklards  tilefni af nyerum kjarasamningi Flags hsklakennara var samþykkt einrma.

- 1.3  samþykkti hsklar a fela formanni fjrmlanefndar hsklards a gera aetlun um a hvernig Hsklinn muni meta eim kostnai sem af kjarasamningnum hlst.

A lokum akka rektor srtaklega eim Gsla M Gslasyni, Gunnlaugi H. Jnssyni, Jni Torfa Jnassyni og Sigrnu Valgarsdttur fyrir mikla og ga vinnu sustu slarhringa vegna kjarasamningsins og stofnanasamningsins.

Fleira var ekki gert  
Fundi sliti kl. 12:00